# UMHVERFIS LEIÐARHÖFÐA

## ÚTIVISTARSVÆÐI Á HÖFÐA | 25052



# UMHVERFIS LEIÐARHÖFÐA



Við Ránarslóð rís landið í mjúkri bylgju og byggingin, Grænahöllin, gægist upp úr yfirborði jarðar og er sem hluti af landinu. Nafnið Grænahöllin vísar bæði til verbúðar við Leiðarhöfða sem gekk undir því nafni, og græns þaks byggingarinnar. Byggingin kallast á við Leiðarhöfða og rammar inn einstakt útivistarsvæði þar sem höfðinn er í aðalhlutverki.

## SAMHENGIÐ – STAÐURINN

Leiðarhöfði er einstakur staður með ríka sögu og mikla möguleika. Höfðinn er vinsæll viðkomustaður á fjölsóttum náttúrustíg sem liggur eftir endilangri strandlengju Hafnar í Hornafirði. Til allra átta er magnað útsýni; yfir eyjar og sker Hornafjarðar, upp á Vatnajökul og yfir á Eystrahorn. Við Leiðarhöfða finnast minjar fjölbreyttrar starfsemi, svo sem verslunar, verbúðar, bátaútgerðar og saltfiskþurrkunar. Á tímabili var svæðið þéttbyggt en í dag standa engar byggingar þar og framtíð höfðans því óskrifað blað.

Frá leiðarhöfða er stutt í alla þjónustu á Höfn. Nýheimar þekkingarsetur og fjölbrautarskólinn eru í göngufjarlægð og lögð er áhersla á að bæta við þá aðstöðu sem er nú þegar í boði þar. Einnig er lagt upp með að móta sterka tengingu við Hafnarsvæðið.

Aðkoma að Leiðarhöfða er greið og til að tryggja öryggi vegfarenda er Ránargata vistgata við Leiðarhöfðasvæðið. Vistgatan er hækkuð að gólfi Grænuhallar og sama yfirborðsefni flæðir um bygginguna og næsta nágrenni hennar. Formfestan í grunnfleti byggingarinnar og gönguleiðar umhverfis Leiðarhöfða annars vegar og frjálslegt sikk sakk göngustíga um þak hússins og svæðið hins vegar, kallast á og binda svæðið saman. Aðkoma gangandi og hjólandi frá náttúrustíg og frá Ránargötu er gott, og geta vegfarendur valið um 3 leiðir um svæðið sem eru aðgengilegar öllum og veita ólíka upplifun.

Á svæðinu er fólk í fyrirrúmi og bílastæðum er haldið í lágmarki. Skammtímastæði og bílastæði hreyfihamlaðra eru í vistgötunni en fjöldi bílastæða er í göngufæri við svæðið. Heildaryfirbragð svæðisins er grænt og stærstur hluti þess er gróðri vaxinn. Svæðið er nálgast af nærgætni með virðingu fyrir sögu staðarins og sjálfum Leiðarhöfða að leiðarljósi. Á svæðinu er að finna fjölbreytta afþreyingu og upplifanir og Leiðarhöfði er í aðalhlutverki.

Af íbúakönnuninni var skýrt að íbúar Hafnar eru mjög hrifnir af þessu fallega náttúrusvæði og vilja halda því sem almenningssvæði frekar en að helga það aðeins nokkrum nýjum fasteignaeigendum. Í þessum skilningi miðar öll hönnunarnálgunin að því að halda því þannig, og bæta aðstæður á staðnum.





Byggingin lyftist upp í átt að byggð, mætir nærliggjandi húsum og býr til nýja götumynd. Byggingin er glerjuð til að hindra ekki sjónræna tengingu við Höfðann.



Formið lyftist upp og myndar skjól frá ríkjandi vindátt úr norðri. Skýlir þannig torginu og útisvæðinu fyrir hörðustu vindunum og bílaumferð.



Byggingin opnar sig til suðurs til að fanga birtu og sól. Þannig er formað sólríkt útisvæði sem tekur á móti fólki með opnum örmum. Einnig tryggir formið gott útsýni á Höfðann úr byggingunni.



Skil milli byggingarinnar og útivistarsvæðisins verða óljós. Gengið er upp á þak byggingarinnar að því er virðist vera ganga upp á hól án þess að gera sér grein fyrir því að verið sé að ganga ofan á byggingu fullri af lífi. Yfirborð byggingarinnar kemur þá í stað þess svæðis sem fer undir svo ekkert útisvæði tapast. Þakgarðurinn býður upp á nýjan útsýnisstað sem horfir yfir Höfðann, sjónarhorn sem annars er ekki til staðar. En einnig býður það upp á nýja fjallasýn og útsýni yfir bæinn.



Með því að opna bygginguna í átt að Höfðanum og lyfta henni upp í átt að bænum mótar það lóðina og götumyndina. Arkitektúrinn skilgreinir skipulag garðsins, stýrir umferð og blandar saman geometrískum strúktúr byggingarinnar við óútreiknanlegar línur náttúrunnar. Með þessari hönnun er opnað fyrir gangandi og hjólandi umferð um útivistarsvæðið sem og yfir bygginguna en bílaumferð aðskilin frá.



Byggingin skilur að útivistarsvæðið og torgið frá götum og lífi bæjarins, skapar rólegan, félagslegan og fallegan nýjan áningarstað sem hvetur til fjölbreyttrar útiveru og/eða til afslöppunar í rólegri náttúru.


Fjölbreytileiki
Líf
Fjör
Hreyfing
Samvera
Útsýni
Æfingar
Afþreying
Nesti
Vellíðan
Hvíld
Leikur
Margmenni
Sólsetur
Slæpingur
Ferðalag
Pása
Dægradvöl
Litadýrð
Saga
Kæti
Hreyfing
Slökun
Fróðleikur
Þjónusta
Eftirvænting
Notalegheit
Hangs
Ró
Eftirvænting
Óþreyja
Núllstilling
Kyrrð
Einvera
Afslöppun
Hæglæti
Slæpingur
Samkomur
Kæti
Íhugun
Lotning
*
Friðsæld
Útsýni
Rósemi hugans
Þrautir
Galsi
Forvitni
Þögn
Friðsemd
Sprikl
Spenna
Friður
Stilling
Leikur
Hreyfing
Náttúra
Útivist
Útrás
Fjör
Upplifun
Ferðalag
Gáski
Fróðleikur



## STAÐHÆTTIR, HUGMYNDAFRÆÐI OG SKIPULAG

Höfn er byggð á votu landi og á gömlum myndum sjást litlar tjarnir víða um bæinn. Á torginu er Höfðatjörn endurvakin og vísar í alltumlykjandi vatnið á svæðinu.

Umlykjandi vatnið lútir flóði og fjöru, og svæðið er þannig síbreytilegt og hver heimsókn ólík annarri. Bryggjustígurinn er ýmist umlukinn vatni á alla kanta eða rís upp úr fjörunni, allt eftir stöðu sjávarfalla. Á fjöru má tína steina og grannskoða leirurnar en á flóði dýfa tánum í fljótið af pallinum eða sjósetja litlar skektur eins og í gamla daga. Það er tilvalið að virða fyrir sér sólarlagið af bryggjustígnum að sumri, norðurljósin speglast í vatninu að vetri og ríkt fuglalífið árið um kring. Sjávargolan leikur um vegfarendur og ilmur af sjávarseltu og þaragróðri fyllir vitin. Í verri veðrum bíður gönguferð um bryggjustíginn upp á sjósturtu, en ætli flestir myndu ekki sæta færis við ákjósanlegri aðstæður. Stundum minnir kraftur náttúruaflanna á sig og leiðin er einfaldlega ófær. Gönguleiðin býður upp á tækifæri til fræðslu, ólíkar upplifanir og afþreyingu. Hvernig sem viðrar virkjast öll skilningarvitin á ferð umhverfis Leiðarhöfða. Þar sem stígurinn nemur land við Leiðarhöfða er ákjósanlegur staður til að sjósetja kajaka.

Við Leiðarhöfða er að finna minjar bátanausta og á þeim slóðum má að finna setbása sem vísa í gömlu naustin. Naustin fá þannig nýtt hlutverk en þar má setjast niður með nestisbita í góðra vina hópi og upplifa jökulinn í fjarska og eyjarnar á Hornafirði. Naustin sem hlaðin eru úr grjóti, hjúfra sig inn í landið og veita gestum gott skjól og rósemd

Gestum er boðið í gönguferð um gróðursælt þak Grænuhallar, sem veitir annað sjónarhorn á Leiðarhöfða. Hlykkjóttur stígurinn á þakinu vísar í tilkomumikla fjallasýnina í bakgrunni byggingarinnar, þar sem Eystrahorn rís í glæsileika sínum.



Afstöðumynd 1|2000






Afstöðumynd 1|1000





Afstöðumynd 1|400

# FJÖLNOTA RÝMI FYRIR SAMFÉLAGIÐ

Byggingin
Við Ránarslóð rís landið í mjúkri bylgju og byggingin, Grænahöllin, gægist undan yfirborði jarðar og er sem hluti af landinu. Grunnform byggingarinnar eru timburgrindur sem vísa í saltfiskþurrkgrindur sem notaðar voru á Höfn á árum áður. Timburgrindurnar eru klæddar gleri og lagðar grænu þaki. Byggingin lætur þannig lítið yfir sér og veitir skýr svör um hvernig hún er uppbyggð og hvað leynist handan hennar. Grænt gróðurþakið, glerjaðir útveggir og hnígandi form byggingarinnar gera það að verkum að byggingin hverfur nánast frá ákveðnum sjónarhornum. Byggingin hindrar ekki sjónræna tengingu aðliggjandi húsa að Höfðanum en hún myndar skjól frá umferð og vindum. Frá Ránarslóð innrammar Grænahöllin sjónarhorn á Leiðarhöfða, sem sést vel í gegnum hana og býður fólk velkomið á svæðið. Nafnið Grænahöllin vísar bæði til gamallar verbúðar við Leiðarhöfða og gróðurþaks byggingarinnar. Byggingin kallast á við Leiðarhöfða og rammar inn einstakt útivistarsvæði þar sem höfðinn er í aðalhlutverki.

Grænahöllin í heild sinni er um 450 fm sem skipta má upp á mismunandi vegu. Byggingin er hugsuð sem fjölnota rými, ýmist eitt stórt eða fleiri minni, og býður þannig upp á ólíka notkunarmöguleika og þjónustu fyrir gesti. Í henni er kaffihús/veitingasala ásamt afgreiðslu fyrir báta- og hjólaleigu. Einnig eru þar snyrtingar fyrir gesti svæðisins. Stærð fjölnotasalarins má laga að þörfum hverju sinni allt frá 50 fm upp í 300 fm og rúmar þannig hvers kyns sýningar og viðburði, svo sem lista- og fræðslusýningar, bíókvöld, tónleika og ráðstefnur. Hægt er að opna alveg allt rýmið og nota sem eina heild eða stúka niður í minni rými fyrir smærri hópa, skóla, leikskóla eða eldriborgara heimsóknir. Kaffiaðstöðuna er hægt að stúka af svo hún geti verið starfandi óháð viðburðum ef þörf er á.







kaffihús/ísbúð


kaffihús/ísbúð
Sýningar/viðburðir


kaffihús/ísbúð
kaffihús/ísbúð






snið / útlit 1|500




8,60
3,50


8,60
3,60

# STAÐUR SEM BREYTIST MEÐ ÁRSTÍÐUM



Grænahöllin umfaðmar svæðið við Leiðarhöfða og veitir skjól fyrir ríkjandi norðlægum áttum og umferð og opnar sig til suðurs. Til verður nýtt sólríkt og skjólsælt svæði í bænum, Höfðatorg. Timburgrindur og gólfefni byggingarinnar flæða út fyrir glerhjúp hennar, út á Höfðatorg og yfir Ránarslóð, og tengja þannig saman rými svæðisins.



# VIRÐING FYRIR SÖGUNN





Aðstæður á Höfn gerðu íbúum að finna sínar eigin lausnir til fiskþurrkunar. Grunnform byggingarinnar, útihúsgögn og leiktæki á svæðinu vísa í fiskþurrkunargrindur sem notaðar voru. Þær voru byggðar úr einföldum formum og tiltækum efnivið, raðað upp í löngum dreglum og netalagðar. Ungir sem aldnir röðuðu síðan fiski á netin. Að þeirri fyrirmynd er sköpuð fjölbreytt afþreying og dvalarsvæði fyrir ólíka hópa úr timburgrindum og endurnýttum veiðarfærum, svo sem hengirúm og rólur, hjólastæði og æfingatæki, fræðslu- og upplýsingarskilti. Þessar grindur dreifa sér víða um svæðið og þjóna ýmsum hlutverkum. Í og við bygginguna er mikið um að vera en eftir því sem nær dregur Leiðarhöfða færist yfir ró, hið náttúrulega tekur smám saman við af því manngerða. Sjálfur Leiðarhöfði er sem næst ósnertur, enda ríkulega blómum vaxinn, og uppi á honum ríkir kyrrð. Þar er staður til að leita inn á við, njóta friðsældar og útsýnis.



















VINDRÓS, SÝNIR RÍKJANDI VINDÁTT,  VINDUR BLÆS INN AÐ MIÐJU




SÓLARGANGUR YFIR ÁRIÐ SAMKVÆMT RAUNVEÐURTÖLUM FRÁ HÖFN

## VEÐURFAR Á SVÆÐINU

Byggingarform Grænuhallarinnar er meðal annars komið til útfrá skjólmyndandi hugmyndum. Hæstu hlutar byggingarinnar  skýla fyrir norðanáttum. Samspil byggingarinnar og Leiðarhöfða myndar þannig sólríkt svæði sín á milli sem býður gesti velkomna með kærkomnu skjóli.

Unnið er með landið á þann hátt að norðausturhlíð Leiðarhöfða er lengd frá því sem er í dag og landinu þannig ýtt niður. Við þetta myndast ekki bara skjólbetra svæði en fólk má venjast í dag heldur virðist Leiðarhöfði líka hækka um nokkra metra og fær enn  mikilfenglegra yfirbragð.



Yfirbragð svæðisins mun einkennast af malarefnum úr Hornafirði og nágrenni. Mölin er notuð sem fyllingarefni í steypta stíga. Með sérstakri vinnslu verður mölin gerð áþreifanleg og sýnileg á yfirborði steypunnar. Innandyra verður mölin notuð sem fyllingarefni í steypu en gólf þar er pússað slétt. Þannig fæst sterk tenging á milli úti- og innirýma. Að nýta nálæg efni er mikilvægur hluti þess að gera verkið vistvænna og hagkvæmra sem heild.



Með því að eiga sem minnst við vistfræði svæðisins eru áhrif á þær dýrategundir sem svæðið sækja óveruleg. Fuglalífið verður áfram fjölbreytt og fjörugt. Fjaran er enn fyrir vaðfuglana en létt uppbygging bryggjustígsins lágmarkar áhrif hans á lífríkið. Gestir fá hins vegar ný sjónarhorn og öðlast aukin færi á að virða það fyrir sér. Þannig mun fræðslugildi svæðisins aukast og gefa ný tækifæri til upplýsingamiðlunar.



Malarsvæðið við Leiðarhöfða mun minnka mikið. Í raun verður núverandi gróðuryfirbragð óbreytt en það stækkað og styrkt. Þannig verður framandi tegundum ekki bætt við flóru svæðisins heldur núverandi tegundum dreift og villiblómum s.s. umfeðmingi, bláklukku, engjarós og gulmöðru leyft að njóta sín. Þannig fær svæðið kunnuglegt en grónara yfirbragð og inngrip verða hóflegri.



Gönguleiðir upp Leiðhöfða og upp á þaki byggingarinnar verða byggðar inn í landið að hluta til. Þannig komast notendur í náin tengsl við aðliggjandi yfirborð sem verða vaxin gróðri sem finnst á svæðinu í dag. Lágir veggir þessara gönguleiða verða byggðir úr Corten stáli. Veggirnir virka sem handrið og þannig aðstoða þeir við notendastýringu á svæðinu.



Óhefðbundnir upplifunarstaðir gefa gestum tækifæri til að njóta Leiðarhöfða á nýja máta. Stórar rólur sem snúa að magnþrungnu útsýni verða sterkt aðdráttarafl á svæðinu. Ljóst er að myndir af gestum með útsýnið í bakgrunni munu sjá um að auglýsa svæðið á samfélagsmiðlum og laða enn fleiri að svæðinu. Einföld uppbygging rólanna rammar inn einstakt útsýnið.



Bekkir á svæðinu eru byggðir upp og klæddir með lerki úr Hallormsstaðaskógi. Á milli borðanna má sjá í grjót sem hlaðið er innan í bekkjunum. Áfram er þannig verið að tengja saman ólíka efnisnotkun sem öll er þó hófleg og fáguð.



Timburyfirborð á Leiðarhöfða verða smíðuð úr lerki. Lerkið kemur frá Hallormsstaðaskógi. Á þetta við um timbursetpalla, bryggjustíg sem og uppbyggingu byggingar og timbureininga utandyra. Lerkiviðurinn mun fá á sig náttúrulegan gráma og ýta þannig undir náttúrulegt og tímalaust yfirbragð umhverfisins.



Höfðatorg verður lagt timburlínum sem verða sem framlengingar á byggingunni. Inn á milli þessara lína verður steypa með sýnilegri möl. Þessi samblanda af efnum kemur til þar sem torgið er samkomustaður umhverfisins og byggingarinnar, sem og notenda svæðisins.



Áningarstaðir á vestanverðri lóðinni eru byggðir inn í landið líkt og naustin sem áður voru til staðar á svæðinu. Þannig er myndað skjól og ýtt undir rýmismyndun og nánd við umhverfið. Uppbygging þessara „nausta“ eru lágar grjóthleðslur sem sækja í minni íslenskar byggingarsögu og nærumhverfið sjálft, þar sem grjótið kemur frá Hornafirði.






# NÝTING Á VEIÐARFÆRUM

Þar sem saltfiskgrindur hafa verið endurbyggðar við Leiðarhöfða eru veiðarfæri endurnýtt á marga vegu. Net strengd á milli grinda líkt og gert var undir saltfisk á Leiðarhöfða áður fyrr mynda nú leiktæki og setmöguleika á svæðinu. Lengjur af netastrengdum grindum bjóða stórum og litlum hópum að halla sér aftur og börnum að klöngrast um og þjálfa hreyfifærni sína í leik. Á meðan bjóða stærri hægindastólar úr sama efni minni hópum og einstaklingum upp á að njóta útsýnis yfir fjörðinn og fjallahringinn í næði og nánd.

Netin eru í bland við baujur og belgi nýtt á leiksvæðinu til að fá lit og gleði inn á svæðið. Þar eru form hinna margnefndu saltfiskgrinda teygð upp í mismunandi hæðir og á milli festar slár, kaðlar, baujur og net. Óhefðbundið leiksvæðið með sterkar sögulegar skírskotanir undirstrikar sérstöðu svæðisins í umhverfinu.

Sterkir litir bauja og belgja undirstrika leiksvæðið með litadýrð en netin í hóflegri litum mynda léttar og slitsterkar efnisþekjur á milli grindanna.



Íslenska hönnunarteymið Plastplan hefur hannað hús- og götugögn úr endurunnu plasti og hönnunarteymið Inside Outside hafa notast við gríðarstór tjöld við rýmishönnun sýna. Það er löng hefð fyrir því að nota gömul veiðarfæri í leiktækjagerð á Íslandi og hér er byggt á þeirri hefð.

# ENDURVINNSLA Á VEIÐARFÆRUM

Endurvinnsla á veiðarfærum sem falla til er þegar hafin og móttaka og forvinna á veiðarfærum til endurvinnslu er til staðar á Höfn í Hornafirði.

Plastefni sem fæst á þennan máta verður gert hátt undir höfði þar sem það verður endurnýtt í húsgögn og fastan búnað s.s. stóla, borð og bekki sem tengjast rekstri Grænuhallar. Slík framleiðsla er til staðar hér á landi, t.d. hjá hönnunarteyminu Plastplan, og því hægt að fullendurvinna veiðarfærin hér á landi. Stólar og borð Grænuhallar verða steyptir úr plasti þessu sem og fastur búnaður eins og t.d. afgreiðsluborð og bekkir.

Grænuhöll má skipta upp í stærri og minni rými á marga vegu en til þess verða notuð tjöld sem endurunnin verða úr þessu sama plasti.

Þessi endurnýting og endurvinnsla veiðarfæra er skírskotun í útgerðarsögu við Leiðarhöfða og þjónar umhverfinu á sama tíma. Húsgögn Grænuhallar og útigögn víða um Leiðarhöfða taka á sig litablæ veiðarfæra og tengja saman inni- og útirými svæðisins.







# UMHVERFIS LEIÐARHÖFÐA
# ÚTIVISTARSVÆÐI Á HÖFÐA






Afstöðumynd 1|500



Byggingin lyftist upp í átt að byggð, mætir nærliggjandi húsum og býr til nýja götumynd. Byggingin er glerjuð til að hindra ekki sjónræna tengingu við Höfðann.



Formið lyftist upp og myndar skjól frá ríkjandi vindátt úr norðri. Skýlir þannig torginu og útisvæðinu fyrir hörðustu vindunum og bílaumferð.



Byggingin opnar sig til suðurs til að fanga birtu og sól. Þannig er formað sólríkt útisvæði sem tekur á móti fólki með opnum örmum. Einnig tryggir formið gott útsýni á Höfðann úr byggingunni.



Skil milli byggingarinnar og útivistarsvæðisins verða óljós. Gengið er upp á þak byggingarinnar að því er virðist vera ganga upp á hól án þess að gera sér grein fyrir því að verið sé að ganga ofan á byggingu fullri af lífi. Yfirborð byggingarinnar kemur þá í stað þess svæðis sem fer undir svo ekkert útisvæði tapast. Þakgarðurinn býður upp á nýjan útsýnisstað sem horfir yfir Höfðann, sjónarhorn sem annars er ekki til staðar.



Með því að opna bygginguna í átt að Höfðanum og lyfta henni upp í átt að bænum mótar það lóðina og götumyndina. Arkitektúrinn skilgreinir skipulag garðsins, stýrir umferð og blandar saman geometrískum strúktúr byggingarinnar við óútreiknanlegar línur náttúrunnar. Með þessari hönnun er opnað fyrir gangandi og hjólandi umferð um útivistarsvæðið sem og yfir bygginguna en bílaumferð aðskilin frá.



Byggingin skilur að útivistarsvæðið og torgið frá götum og lífi bæjarins, skapar rólegan, félagslegan og fallegan nýjan áningarstað sem hvetur til fjölbreyttrar útiveru og/eða til afslöppunar í rólegri náttúru.

25052



# Umhverfis Leiðarhöfða

## Staðurinn
Leiðarhöfði er vinsæll viðkomustaður með ríka sögu og mikla möguleika. Til allra átta er magnað útsýni; yfir eyjar og sker Hornafjarðar, yfir Vatnajökul og Eystrahorn. Áður var þar fjölbreytt starfsemi og svæðið þéttbyggt en nú standa engar byggingar þar og framtíð höfðans óskrifað blað.

## Byggingin
Við Ránarslóð rís landið í mjúkri bylgju og byggingin, Grænahöllin, gægist undan yfirborði jarðar og er sem hluti af landinu. Grunnform byggingarinnar eru timburgrindur sem vísa í saltfiskþurrkgrindur sem notaðar voru á Höfn á árum áður. Timburgrindurnar eru klæddar gleri og lagðar grænu þaki. Byggingin lætur þannig lítið yfir sér og veitir skýr svör um hvernig hún er uppbyggð og hvað leynist handan hennar. Grænt gróðurþakið, glerjaðir útveggir og hnígandi form byggingarinnar gera það að verkum að byggingin hverfur nánast frá ákveðnum sjónarhornum. Byggingin hindrar ekki sjónræna tengingu aðliggjandi húsa að Höfðanum en hún myndar skjól frá umferð og vindum. Frá Ránarslóð innrammar Grænahöllin sjónarhorn á Leiðarhöfða, sem sést vel í gegnum hana og býður fólk velkomið á svæðið. Nafnið Grænahöllin vísar bæði til gamallar verbúðar við Leiðarhöfða og gróðurþaks byggingarinnar. Byggingin kallast á við Leiðarhöfða og rammar inn einstakt útivistarsvæði þar sem höfðinn er í aðalhlutverki.

Grænahöllin lagar sig að ólíkri notkun hverju sinni og er hugsuð sem fjölnota rými, ýmist eitt stórt eða fleiri minni, og býður þannig upp á ólíka notkunarmöguleika og þjónustu fyrir gesti. Í henni er kaffihús/veitingasala auk afgreiðslurýmis fyrir báta- og hjólaleigu, auk snyrtinga fyrir gesti svæðisins. Fjölnota salur byggingarinnar rúmar hvers kyns sýningar og viðburði, svo sem lista- og fræðslusýningar, tónleika og ráðstefnur, en stærð salarins má laga að þörfum hverju sinni.

Gestum er boðið í gönguferð um gróðursælt þak Grænuhallar, sem veitir annað sjónarhorn á Leiðarhöfða. Hlykkjóttur stígurinn á þakinu vísar í tilkomumikla fjallasýnina í bakgrunni byggingarinnar, þar sem Eystrahorn rís í glæsileika sínum.

## Höfðatorg
Grænahöllin umfaðmar svæðið við Leiðarhöfða og veitir skjól fyrir ríkjandi norðlægum áttum og umferð og opnar sig til suðurs. Til verður nýtt sólríkt og skjólsælt svæði í bænum, Höfðatorg. Timburgrindur og gólfefni byggingarinnar flæða út fyrir glerhjúp hennar, út á Höfðatorg og yfir Sandbakkaveg, og tengja þannig saman rými svæðisins.

Höfn er byggð á votu landi og á gömlum myndum sjást litlar tjarnir víða um bæinn. Á torginu er Höfðatjörn endurvakin og vísar í alltumlykjandi vatnið á svæðinu. Umhverfis Leiðarhöfða liggur bryggjustígur sem svífur á timburgrindum út á vatnið og í kringum höfðann. Stígurinn nemur land utan við gamalt bátalægi fyrir „fjarðbáta Nesjabænda," við Höfðavík austan Leiðarhöfða. Ferðalag eftir þessum stíg býður upp á ný sjónarhorn, til allra átta. Hann liggur jafnvel undir höfðann þar sem sjórinn hefur sorfið sig inn í bergið og gestir geta upplifað höfðann í návígi og fundið úr hverju hann er gerður. Umlykjandi vatnið lútir flóði og fjöru, og svæðið er þannig síbreytilegt og hver heimsókn ólík annarri. Bryggjustígurinn er ýmist umlukinn vatni á alla kanta eða rís upp úr fjörunni, allt eftir stöðu sjávarfalla. Á fjöru má tína steina og grannskoða leirurnar en á flóði dýfa tánum í fljótið af pallinum eða sjósetja litlar skektur eins og í gamla daga. Það er tilvalið að virða fyrir sér sólarlagið af bryggjustígnum að sumri, norðurljósin speglast í vatninu að vetri og ríkt fuglalífið árið um kring. Sjávargolan leikur um vegfarendur og ilmur af sjávarseltu og þaragróðri fyllir vitin. Í verri veðrum býður gönguferð um bryggjustíginn upp á sjósturtu, en stundum minnir kraftur náttúruaflanna á sig og leiðin er einfaldlega ófær. Gönguleiðin býður upp á tækifæri til fræðslu, upplifunar og afþreyingar sem virkjar öll skilningarvitin. Þar sem stígurinn nemur land við Leiðarhöfða er ákjósanlegur staður til að sjósetja kajaka.

Við Leiðarhöfða er að finna minjar bátanausta og á þeim slóðum má að finna setbása sem vísa í gömlu naustin. Naustin fá þannig nýtt hlutverk en þar má setjast niður með nestisbita í góðra vina hópi og upplifa jökulinn í fjarska og eyjarnar á Hornafirði. Naustin sem hlaðin eru úr grjóti, hjúfra sig inn í landið og veita gestum skjól. Útfrá naustunum má taka sér sæti á steyptum setstöllum sem trappast til sjávar svo á tímum flæðir yfir þá að hluta. Timburbryggjur og steyptir setstallarnir mynda samfellda, aðgengilega gönguleið um svæðið sem gefur fólki möguleika að uppgvöta sjónarhorn sem áður hafa verið óaðgengileg flestum.

## Stefnumót kynslóða og hefða
Aðstæður á Höfn gerðu íbúum að finna sínar eigin lausnir til fiskþurrkunar. Grunnform byggingarinnar, útigögn og leiktæki á svæðinu vísa í fiskþurrkunargrindur sem notaðar voru. Þær voru byggðar úr einföldum formum og efnivið, raðað upp í löngum dreglum og netalagðar. Ungir sem aldnir röðuðu síðan fiski á netin. Að þeirri fyrirmynd er sköpuð fjölbreytt afþreying og dvalarsvæði fyrir ólíka hópa úr timburgrindum og endurnýttum veiðarfærum, svo sem hengirúm og rólur, hjólastæði og æfingatæki, fræðslu- og upplýsingarskilti. Þessar grindur dreifa sér víða um svæðið og þjóna ýmsum hlutverkum. Í og við Grænuhöllina er mikið um að vera en eftir því sem nær dregur Leiðarhöfða færist yfir ró, hið náttúrulega tekur smám saman við af því manngerða. Sjálfur Leiðarhöfði er sem næst ósnertur, enda ríkulega blómum vaxinn, og uppi á honum ríkir kyrrð. Þar er staður til að leita inn á við, njóta friðsældar og útsýnis.

## Aðkoma, tengingar og flæði um svæðið
Aðkoma að Leiðarhöfða er greið og til að tryggja öryggi vegfarenda er Ránargata vistgata við Leiðarhöfðasvæðið. Vistgatan er hækkuð að gólfi Grænuhallar og yfirborðsefnið flæðir um bygginguna og næsta nágrenni hennar. Formfestan í grunnfleti byggingarinnar og gönguleiðar umhverfis Leiðarhöfða annars vegar og frjálslegt sikk sakk göngustíga um þak hússins og svæðið hins vegar, kallast á og binda svæðið saman. Aðkoma gangandi og hjólandi frá náttúrustíg og frá Ránargötu er gott, og geta vegfarendur valið um 3 leiðir um svæðið sem eru aðgengilegar öllum og veita ólíka upplifun.

Á svæðinu er fólk í fyrirrúmi og bílastæðum er haldið í lágmarki. Skammtímastæði og bílastæði hreyfihamlaðra eru í vistgötunni en fjöldi bílastæða er í göngufæri við svæðið. Heildaryfirbragð svæðisins er grænt og stærstur hluti þess er gróinn. Svæðið er nálgast af nærgætni og virðingu fyrir sögu staðarins og sjálfum Leiðarhöfða að leiðarljósi. Á svæðinu er að finna fjölbreytta fræðslu, afþreyingu og upplifanir og Leiðarhöfði er í aðalhlutverki.





Afstöðumynd 1|200














25052

# UMHVERFIS LEIÐARHÖFÐA

ÚTIVISTARSVÆÐI Á HÖFÐA | 25052